



VERKMENNTASKÓLI
AUSTURLANDS
Samvinna - þekking - árangur

Ársskýrsla 2016

Elvar Jónsson
skólameistari

Mýrargötu 10

740 Fjarðabyggð

Netfang: va@va.is

Heimasíða: www.va.is

Sími 477 1620

Fax: 477 1852



Efnisyfirlit

| | |
|--|-----------|
| Yfirlit..... | 1 |
| Inngangur | 2 |
| 1. Nemendafjöldi, kennslumagn og námsframboð..... | 3 |
| Vorönn 2016..... | 3 |
| Haustönn 2016..... | 4 |
| Skipting nýnema (2000) eftir búsetu | 5 |
| 2. Starfsmannahald..... | 6 |
| Úttekt á starfsemi VA o.fl. | 6 |
| 3. Framkvæmd skólasamnings, verkefni og styrkir | 8 |
| Skólasamningur..... | 8 |
| Styrkir og þróunarverkefni | 8 |
| Þróunarverkefni..... | 8 |
| 4. Ársreikningur | 9 |
| 5. Gæðamál | 10 |
| 6. Endurbætur og endurnýjun á húsakynnum og búnaði skólans..... | 11 |
| 7. Áherslur í kennslu og starfsemi skólans..... | 12 |
| Áherslur í kennslu og stoðþjónustu..... | 12 |
| Lokaorð..... | 13 |

Yfirlit

Fjöldi nemenda og starfsmanna: Nemendaígildi á vorönn voru 188,3 en 176,7 á haustönn. Á ársgrundvelli voru 31,6 stöðugildi við skólann.

Námsframboð: Námsbrautir á vorönn voru 14 en 15 á haustönn

Framkvæmd markmiða í skólasamningi: Skólasamningur rann út við lok áris 2015 en var framlengdur úr árið 2017 án þess að ný tímasett markmið væru sett.

Afkoma, rekstrarstaða: Höfðustóll jákvæður í ársbyrjun sem nemur 7,9 millj. og áætlaður jákvæður um 1,3 millj. í árslok.

Stjórnun: Haustið 2014 var gerð úttekt á starfsemi skólans. Ráðgjafafyrirtækið Attentus gerði úttektina fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið (MMR). Úttektaraðilar unnu skýrslu í kjölfarið á úttektinni. Skýrsluhöfundar beina því til MMR að auka ætti starfshlutfall í stjórnun við skólann þar sem álag er mikið á yfirstjórn.

Samvinna við aðra: Samstarf við Austurbrú, Fjarðabyggð, fyrirtæki og aðra framhaldsskóla m.a. með þátttöku í Fjarmenntaskólanum.

Sérstakar áherslur/sérsvið skólans: Kynning á skólanum með því að standa fyrir ýmsum viðburðum.

Inngangur

Í þessari skýrslu er farið yfir það helsta er viðkemur starfsemi og rekstri Verkmenntaskóla Austurlands 2016. Árið var mjög viðburðarríkt og var mikil áhersla lögð á að kynna skólann og það nám sem hann hefur uppá að bjóða.

1. Nemendafjöldi, kennslumagn og námsframboð

Vorönn 2016

Ýmsar upplýsingar

- 302 nemendur
 - 164 kvenkyns
 - 142 karlkyns
- 3294 kenndar einingar
- 188,3 nemendaígildi
- 1,7% brottfall

Aldursskipting nemenda

| | |
|------------------------------|------------|
| Nemendur fæddir 2000 | 1 |
| Nemendur fæddir 1999 | 41 |
| Nemendur fæddir 1998 | 44 |
| Nemendur fæddir 1997 | 24 |
| Nemendur fæddir 1996 | 27 |
| Eldri nemendur | 166 |
| Heildarnemendafjöldi: | 302 |

Skipting nemenda eftir námsbrautum

| <i>Heiti brautar</i> | <i>Braut</i> | Fjöldi |
|---|--------------|---------------|
| Án brautar | ÁNB | 75 |
| Framhaldsskólabraut | FB | 10 |
| Félagsfræðibraut + félagsvísindabraut | FÉ + FÉL | 19+35 |
| Grunnnám málm- og véltæknigreina | GMV | 16 |
| Grunnnám rafiðna | GR | 16 |
| Húsasmíði - iðnnám á verknámsbraut | HÚ8 | 17 |
| Námsbraut fyrir leikskólaliða | LL | 15 |
| Meistaránám í vélvirkjun | MVS | 2 |
| Náttúrufræðibraut + náttúruvísindabraut | NÁ + NÁT | 6 +15 |
| Námsbraut fyrir stuðningsfulltrúa í grunnskólum | SG | 7 |
| Sjúkraliðabraut | SJ | 41 |
| Starfsbraut | ST | 11 |
| Vélstjórn | | 14 |
| Vélvirkjun | | 3 |

Haustönn 2016

Ýmsar upplýsingar

- 244 nemendur
 - 146 kvenkyns
 - 98 karlkyns
- 176,7 nemendaígildi
- 3092 kenndar einingar
- 3,3% brottfall

Aldursskipting nemenda

| | |
|------------------------------|------------|
| Nemendur fæddir 2000 | 36 |
| Nemendur fæddir 1999 | 39 |
| Nemendur fæddir 1998 | 32 |
| Nemendur fæddir 1997 | 11 |
| Eldri nemendur | 126 |
| Heildarnemendafjöldi: | 244 |

Meðalaldur nemenda er 24,7 ár

Skipting nemenda eftir námsbrautum

| Nafn brautar | Fjöldi |
|--|---------|
| Án brauta | 8 |
| Framhaldsskólabraut | 9 |
| Félagsfræði – og félagsvísindabraut | 12 + 35 |
| Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina | 10 |
| Grunnnám rafiðna | 6 |
| Grunnbraut hársnyrtiiðna | 4 |
| Húsasmíði | 14 |
| Námsbr. fyrir LL, SG og SK | 29 |
| Grunnnám málm- og véltæknigreina | 7 |
| Náttúruvísindabraut | 23 |
| Nýsköpunar- og tæknibraut | 3 |
| Opin stúdentsbraut | 1 |
| Rafvirkun - kvöldskóli | 8 |
| Sjúkraliðabraut | 57 |
| Starfsbraut | 5 |
| Vélstjórnarbraut | 14 |

Skipting nýnema (2000) eftir búsetu

| Borgarnes | Egilsstaðir | Reyðarfjörður | Eskifjörður | Nesk | Kópavogur | Fásk | Stöðvarfjörður |
|------------------|--------------------|----------------------|--------------------|-------------|------------------|-------------|-----------------------|
| 1 | 2 | 4 | 8 | 17 | 1 | 1 | 1 |

88,6% nýnema koma úr Fjarðabyggð

2. Starfsmannahald

Starfsmenn við stofnunina skiptast með eftirfarandi hætti:

- Skólameistari
- 22,9 stöðugildi voru í kennslu vorönn 2016
- 21 stöðugildi voru í kennslu á haustönn 2016
- Áfangastjóri í 1 stöðugildi
- Námsráðgjafi í 0,88 stöðugildi (75% á vorönn en 100% á haustönn)
- Félagslífs- og forvarnarfulltrúi í 0,25 starfshlutfalli
- Fjármálastjóri, skólafulltrúi og húsvörður í 3 stöðugildum
- Kerfisstjóri í 0,5 stöðugildi
- Verkefnastjóri í 0,5 stöðugildi
- 2 ræstitæknar í 2 stöðugildum
- Heimavistarstjóri á vorönn í 1 stöðugildi og matráður í 1 stöðugildi á ársgrundvelli

Á ársgrundvelli voru tæplega 32 stöðugildi við skólann og meðalstarfsaldur um 12 ár.

Allir sem eru í 50% stöðu við kennslu eða meira eru með kennsluréttindi fyrir utan fimm og af þeim eru tveir í kennsluréttindanámi (annar þeirra lýkur því vor 2018 en hinn vor 2019).

Á vorönn voru 7 leiðbeinendur í 25 % stöðugildi en 4 á haustönn. Með þessu móti tekst að manna þá kennslu sem þarf til að bjóða fjölbreytt nám og er þá sérstaklega átt við starfsnámið. Skólinn þurfti að kaupa kennslu af fagaðilum til rafdeildar bæði á vor- og haustönn. Einnig þurfti að kaupa að vinnu í Fablab Austurland, hátækni smiðju sem skólinn rekur. Undanfarin ár hefur VA boðið upp á fjarnám með vinnu og þá í gegnum kennsluvef. Þarna hafa stórir hópar farið í gegn og orðið skólanum lyftistöng. Skólinn leitar nú nýrra tækifæra á þessum markaði bæði einn og sér og í samvinnu við samstarfsskóla í Fjarmentaskólanum.

Úttekt á starfsemi VA o.fl.

Haustið 2014 var gerð úttekt á starfsemi skólans. Ráðgjafafyrirtækið Attentus gerði úttektina fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið (MMR). Úttektaraðilar unnu skýrslu í kjölfarið á úttektinni. Skýrsluhöfundar beina því til MMR að auka ætti starfshlutfall í stjórnun við skólann þar sem álag er mikið á yfirstjórn. Ekki hefur verið brugðist við þessum ábendingum og raun hafa stjórnendur skólans ekki fengið nein viðbrögð frá MMR varðandi þetta mat úttektaraðila. Til að bæta úr þá voru gerðar ákveðnar ráðstafanir í starfsmannahaldi fyrir haustönn þar starfsfólki á þjónustusviði var fækkað til að hagræða fyrir 50% starfi

verkefnisstjóra. Megin viðfangsefni þessa verkefnisstjóra eru gæðamál en einnig utanumhald ýmiskonar samstarfs- og þróunarverkefna.

Þrátt fyrir þetta mikla álag á stjórnendur skólans þá virðast starfsmenn skólans vera mjög ánægðir með stjórnun í skólans samkvæmt könnuninni Stofnun ársins. Raunar kemur skólinn mjög vel út úr þeirri könnun í heild sinni og kemur það heim og saman við niðurstöður úttektar Attentus. Of mikið álag á stjórnendur er hins vega áhyggjuefni og gengur ekki til lengdar

3. Framkvæmd skólasamnings, verkefni og styrkir

Skólasamningur

Samningurinn var útrunninn en hann var frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2015.

Samningurinn var framlengdur út árið 2017 án breytinga eða nýrra tímasetra markmiða í viðauka.

Á haustönn 2016 var unnið að gerð stefnumótunar til þriggja ára til að koma á mótis við 31-32 gr. laga um opinber fjármál. Þessari áætlun var skilað til MMR í desember.

Styrkir og þróunarverkefni

Skólanum bárust góðir styrkir til starfseminnar. Helstu styrkir voru eftirtaldir:

- Styrkur frá ríkissjóði upp á 1,9 millj v/ vinnu gegn brottfalli
- Styrkarsjóður SÚN styrkti kaup á CNC vélbúnaði vegna kennslu á vélstórnarbraut.
- Uppbyggingarsjóður Austurlands styrkti skólann vegna Tæknidags fjölskyldunnar.
- SEF (Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskóla) veitti styrk til að fá gestafyrirlesara og senda kennara á námskeið erlendis.
- Leikfélag skólans Djúpið fékk góða styrki frá:
 - SÚN, Alcoa Fjarðaáli, Fjarðabyggð, Sparisjóði Norðfjarðar og SVN.

Þróunarverkefni

Skólinn tekur þátt í ýmsum þróunarverkefnum í samstarfi við aðra.

- Samstarf við Austurbrú vegna Tæknidags fjölskyldunnar.
- Samstarf við Fjarðabyggð vegna verknámsviku.
- Fjarmenntaskólinn. Samvinna við aðra framhaldsskóla varðandi námsframboð í fjarnámi.
- Samstarf við Tækniskólann, Iðnskólann í Hafnarfirði, FNV, MÍ, VMA og FS við gerð námsbrautar í hársnyrtiiðn.
- Samstarf við MÍ og FNV til að vinna sameiginlega að gerð námsbrautar í vélvirkjun sem tekur tillit til samkeyrslu við vélstjórnarbraut B – stigs.
- Skólinn hélt áfram að taka þátt í verkefninu *Heilsueflandi framhaldsskóli*.
- Í september 2016 hóf skólinn þátttöku í verkefninu *Skólar á greinni grein*.
- Í september hófst formlegt samtal skólans við sveitafélagð Fjarðabyggð og fyrirtæki á Austurlandi um samstarf í menntamálum.

4. Ársreikningur

Höfuðstóll í byrjun árs var jákvæður um 7,9 millj.

Leiðréttingar á árinu 2016:

- v/launabóta 0,6 millj.
- v/starfsbrautar 2,3 millj
- v/námsorlofs haustönn 3,3 millj
- frá ríkissjóði v/fámennra skóla 6,1 millj

Höfuðstóll í árslok 2016 er áætlaður 1,3 millj.

| Fjárheimild VA árið 2016 | <i>Allar tölur í milljónum króna</i> | |
|-------------------------------------|--------------------------------------|---------|
| | Höfuðstóll frá 2015 | 7,900 |
| | fjárlög ársins 2016 | 318,800 |
| | leiðréttingar innan ársins | 11,700 |
| | | 338,4 |

| Áætlaður rekstur VA 2016 | <i>Allar tölur í milljónum króna</i> | |
|-------------------------------------|--------------------------------------|-------|
| | aðrar rekstrartekjur | -5,9 |
| | sértekjur | -28 |
| | launagjöld | 282 |
| | almennur rekstur | 88 |
| | | 336,1 |

5. Gæðamál

Á haustönn 2014 hófst vinna við innleiðingu á ISO-gæðavottunarkerfi í vélstjórnarnámi Verkmenntaskóla Austurlands (VA). Er þar byggt á *Gæðahandbók* Verkmenntaskólans á Akureyri. Upphaflega átti að einkorða vottunina við vélstjórnarnám í VA en fljótlega urðu stjórnendur skólans sannfærðir um að taka ætti upp ISO gæðavottun fyrir allan skólann. Hefur vinna við sjálfsmat skólans því markast af innleiðingunni sl. þrjú skólaár og teljum við okkur komin vel á veg í skrásetningu vinnuferla. Frá og með hausti 2016 var sjálfsmatsnefnd lögð niður og í stað hennar skipað gæðaráð skólans sem er liður í innleiðingarferlinu.

Veigamikill þáttur í gæðastjórnunarkerfinu er það sem kallast *útskrift áfanga* en hafist var handa við þá vinnu á haustönn 2016. Á fyrra skólaári var þó byrjað að vinna með flesta þætti sem tengjast slíkri útskrift en nú var ferlið aðlagð vinnulagi í VA betur og eftirfylgnin meiri.

Í matsskýrslu fyrir skólaárið 2016 – 2017 er gerð ítarleg grein fyrir vinnu við gæðamál í VA sem og niðurstöðum gæðakannana, bæði sem framkvæmdar eru af gæðaráði og ytri könnunum sem nýttar eru sem hluti gæðakerfisins. Einnig er þar lögð fram matsáætlun komandi skólaárs (2017 – 2018). Skýrslan er birt á heimasíðu VA (<https://www.va.is/is/skolinn/skyrslur>) og er vísað til hennar fyrir frekari upplýsingar um gæðamál í VA.

6. Endurbætur og endurnýjun á húsakynnum og búnaði skólans

Húsnaði skólans er að mörgu leyti mjög gott hvað kennsluaðstöðu varðar. Hins vegar er ekki góð aðstaða fyrir félagslíf nemenda og ekki er neinn samkomusalur í skólanum. Þegar kalla þarf nemendur saman „á sal“ eða þegar nemendur koma saman í skólanum í félagsstarfi o.s.frv þá er ekki annað húsnaði í boði en anddyri gamla skólahúsnaðisins. Þetta rými er kallað setustofa. Miðað við það sem flestir aðrir framhaldsskólar búa við þá er þetta ófullnægjandi. Þessi skortur á samkomusal stendur skólafarfinu tvímælalaust fyrir þrifum. Erindi varðandi þetta hefur verið sent á MMR og tekið upp á skólasamningsfundum.

Á árinu 2016 voru gerðar nokkrar endurbætur á húsakynnum og búnaði skólans. Ljóst er hins vegar að veruleg uppsöfnuð þörf er komin á frekari endurnýjun á húsgögnum og tækjabúnaði en fjárheimildir leyfa það ekki að svo stöddu enda þarf skólinn að setja meira fjármagn í laun en fjárlög gera ráð fyrir og kemur það niðurá nauðsynlegri endurnýjunar á tækja- og húsbúnaði¹. Í þriggja ára stefnumótun skólans til næstu þriggja ára en sterklega kveðið á um það að bæta úr varðandi vinnuáætlaðum starfsfólks. En þetta sett fram í ljósi þess að þó skólinn hafi verið að koma vel úr í könnuninni stofnun ársins þá er nokkuð áberandi að vinnuskilyrði koma þar einna verst úr.

Eftirtalið var það helsta sem gert var varðandi endurbætur og endurnýjun á húsakynnum skólans:

- Skipt var um glugga á suðurhlíð austurálmú í bóknámshúsi.
- Austurálmán var máluð að innan.
- Hurð á mannvirkja- og byggingardeild var stækkuð til að hægt sé að koma betur á móts við byggingu húsa samkvæmt námskrá.
- Lagfæring á loftræstingu í sprautuklefa í mannvirkja- og byggingadeild.

¹ Skólinn er í sama vanda og aðrir framhaldsskólar þ.e. að fjárframlög til skólanna til að mæta launakostnaði eru mun lægri en meðallaun framhaldsskólakennara. Einnig er ekki tekið tillit til aldurstengds kennsluafsláttar í fjárframlögnum.

7. Áherslur í kennslu og starfsemi skólans

Mikil áhersla var lögð á kynningu á skólanum árið 2016. Eins og undanfarin ár þá komu nemendur úr grunnskólunum á Austurlandi í heimsókn í skólann. Sérstök áhersla var eins og áður lögð á að kynna verknámið t.d. var verknámvika haldin í fjórða sinn. Um er að ræða samstarf við vinnuskóla Fjarðabyggðar þar sem skipulögð er heil vinnuvika í byrjun júní þar sem allir nemendur í vinnuskólanum sem ljúka 9. bekk komu til vinnu og náms í verknámsdeildum skólans.

Tæknidagur fjölskyldunnar var haldinn í fjórða sinn í október. Dagurinn var haldinn í húsnæði skólans eins og verið hefur en að þessu sinni var íþóttahúsinu bætt við enda dagskráin mun umfangsmeiri en verið hefur. Talið er að um 1000 manns hafi sótt Tæknidaginn 2016. Dagskráin byggist á því að nemendur og kennarar eru með ýmis verkefni til sýnis ásamt því sem ýmsar stofnanir og fyrirtæki sýndu tæknibúnað o.fl..

Áherslur í kennslu og stoðþjónustu

Skólinn hélt áfram með svokallaðar vinnustofur sem hafa verið í þróun undanfarin ár. Er þetta fyrirkomulag í stuttu máli með þeim hætti að í flestum bóklegum- og fagbóklegum fögum er settur inn einn vinnustofutími í hverri viku. Kemur þessi tími í staðinn fyrir eina kennslustund og geta nemendur valið þær vinnustofur sem þeim hentar hverju sinni. Hefur þetta því ákveðinn sveigjanleika í för með sér fyrir nemendur.

Með ráðningu verkefnastjóra, sem áður var getið um, hefur áhersla á að kennarar skólans sækja námskeið og ráðstefnur erlendis aukist. Sérstaklega er þar horft til að þeir kynni sér nýja kennsluhætti og/eða þrói þá þennsluhætti sem lögð hefur verið áhersla á undanfarið t.d vendikennslu.


Einnig var áhersla á að vinna með ART hugmyndafræði (félagsfærni) í námsráðgjöf hjá nemendum sem mælast í brottfallhættu. Sérstakur styrkur fékst í það verkefni.

Lokaorð

Glögg má sjá við lestur þessarar skýrslu að árið 2016 var viðburðarríkt í Verkmenntaskóla Austurlands. Framkvæmd markmiða í skólasamningi hefur hleypt auknu lífi í starfsemi skólans og mætti þar helst nefna Verknámsvikuna og Tæknidaginn.

Rekstur skólans hefur undanfarin ár verið innan fjárheimilda en þó hefur gengið á höfuðstól undanfarin ár og er árið 2016 þar ekki undantekning. Mikilvægt er fyrir skólann að fá auknar fjárheimildir til að fjölga stöðugildum í stjórnun - eins og skýrsla úttektaðila á starfsemi skólans frá 2014 bendir á. Farið var í ákveðnar aðgerðir á árinu 2016 til að bæta úr þessu en þó með þeim hætti að veikja þjónustusvið skólans. Einnig er komin veruleg uppsöfnuð þörf á að endurnýja tæki- og húsbúnað.

Fjarðabyggð 19. júní 2017



Elvar Jónsson

skólameistari

Verkmenntaskóla Austurlands